

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 frá 30. júní 2005 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í alifuglahópum af tegundinni *Gallus gallus* og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2005 frá 12. júlí 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar kröfur um beitingu sértækra varnarráðstafana á grundvelli innlendra áætlana um varnir gegn salmonellu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/597/EB frá 2. ágúst 2005 um viðurkenningu á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár á Írlandi skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/598/EB frá 2. ágúst 2005 um bann við því að setja á markað afurðir sem eru unnar úr nautgripum, bornum eða öldum í Breska konungsríkinu fyrir 1. ágúst 1996, í hvaða tilgangi sem er og að slík dýr séu undanþegin tilteknum varnar- og útrýmingarráðstöfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2005 frá 5. ágúst 2005 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar fóður ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/603/EB frá 4. ágúst 2005 um breytingu á ákvörðun 2005/393/EB að því er varðar takmörkunarsvæði með tilliti til blátungu á Ítalíu ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 86, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 182, 13.7.2005, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 204, 5.8.2005, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 204, 5.8.2005, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 3.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 206, 9.8.2005, bls. 11.

- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/604/EB frá 4. ágúst 2005 um breytingu á ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin héruð á Ítalíu séu laus við öldusótt (*B. melitensis*) og ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tilteknar sýslur á Ítalíu séu lausar við öldusótt í nautgripum og að héraðið Piemonte sé laust við smitandi nautgriphvítblæði⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/615/EB frá 16. ágúst 2005 um breytingu á XI. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/85/EB að því er varðar innlendar rannsóknarstofur í tilteknum aðildarríkjum⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/617/EB frá 17. ágúst 2005 um tímabundna viðurkenningu á kerfum fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita á Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, Breska konungsríkinu, skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004⁽¹⁰⁾.
- 11) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Ísland og Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti reglugerða (EB) nr. 1003/2005, 1091/2005 og 1292/2005 og ákvarðana 2005/597/EB, 2005/598/EB, 2005/603/EB, 2005/604/EB, 2005/615/EB og 2005/617/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 206, 9.8.2005, bls. 12.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 213, 18.8.2005, bls. 14.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 63.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2006

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 19. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/458/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 1.2:
 - „20. **32005 D 0597**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/597/EB frá 2. ágúst 2005 um viðurkenningu á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár á Írlandi skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 (Stjtíð. ESB L 204, 5.8.2005, bls. 21).
 21. **32005 D 0617**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/617/EB frá 17. ágúst 2005 um tímabundna viðurkenningu á kerfum fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita á Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, Breska konungsríkinu, skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 (Stjtíð. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 63).“
2. Eftirfarandi bætist við lið 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB) í hluta 3.1:

„, eins og henni var breytt með:

 - **32005 D 0615**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/615/EB frá 16. ágúst 2005 (Stjtíð. ESB L 213, 18.8.2005, bls. 14).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/393/EB) í hluta 3.2:

„– **32005 D 0603**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/603/EB frá 4. ágúst 2005 (Stjtíð. ESB L 206, 9.8.2005, bls. 11).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) og 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„– **32005 D 0604**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/604/EB frá 4. ágúst 2005 (Stjtíð. ESB L 206, 9.8.2005, bls. 12).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„– **32005 R 1292**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2005 frá 5. ágúst 2005 (Stjtíð. ESB L 205, 6.8.2005, bls. 3).“
6. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 24. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/177/EB) í hluta 7.2:
 - „25. **32005 R 1003**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 frá 30. júní 2005 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í alifuglahópum af tegundinni *Gallus gallus* og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 (Stjtíð. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12).
 26. **32005 R 1091**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2005 frá 12. júlí 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.

2160/2003 að því er varðar kröfur um beitingu sértækra varnarráðstafana á grundvelli innlendra áætlana um varnir gegn salmonellu (Stjtíð. ESB L 182, 13.7.2005, bls. 3).“

7. Eftirfarandi bætist við á eftir 40. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/449/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:

„Eftirlit með TSE (smitandi heilahrönnun)

41. **32005 D 0598:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/598/EB frá 2. ágúst 2005 um bann við því að setja á markað afurðir sem eru unnar úr nautgripum, bornum eða öldum í Breska konungsríkinu fyrir 1. ágúst 1996, í hvaða tilgangi sem er og að slík dýr séu undanþegin tilteknum varnar- og útrýmingarráðstöfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001 (Stjtíð. ESB L 204, 5.8.2005, bls. 22).“